

Verklagsreglur fyrir „Golfparadísina Glóey“

Golfskáli

Búnaður:

- **Slökkvitæki** (Yfirfarið árlega í maí) HH
- **Eldvarnar-teppi** (Yfirfarið árlega í maí) HH
- **Sjúkrakassi** (Yfirfarinn fyrsta mánudag hvers mánaðar) HH
- **(Hjartastuðtæki)** (Yfirfarið árlega í maí) HH
- **Viðbragðsáætlun** (Uppfærð árlega í maí) HH
- **Viðbrögð við eldsvoða** (Uppfært árlega í maí) HH

Athugið –mikilvægt er að setja ábyrgðaraðila við hvern verkþátt.

Húsnæði:

- Rýmingarleiðir eru alltaf greiðfærar, þar er enginn húsbúnaður eða annað sem að getur tafið för.
- Merkingar við flóttaleiðir yfirfarnar í samræmi við kröfur eldvarnareftirlits.
- Rýmingaráætlun staðfest af eldvarnareftirliti/slökkviliðsstjóra er til staðar og vel sýnileg gestum.
- Leiðbeinandi skilti vegna rýmingar eru í hverju rými, fleiri en eitt í stærri rýmum.
- Muna að nota viðvörðunarskilti þegar gólf eru þvegin eða þau eru blaut og hál.
- Passa að snúrur og lauslegir hlutir séu ekki í miðjum gangvegi eða á öðrum stöðum þar sem þær geta skapað hættu.
- Á tveggja mánaða fresti er farið yfir öll ljós og kúplar hreinsaðir.
- Við dagleg þrif er fylgst með mottum, teppum og öðrum gólfefnum og brugðist við ef slit getur leitt til fallhættu (t.d. lykkjur í slitnu teppi, uppbrettar mottur eða kantar á gólfdukkum).

Golfvöllur:

- Rough og green yfirfarin daglega
 - slegin í samræmi við grassprettu, grasi haldið í viðeigandi hæð.
- Sandgryfjur yfirfarnar daglega
 - hæfilegu magni af sandi viðhaldið í gryfjum
 - brúnir lagaðar og haldið ávölum.
- Tjarnir yfirfarnar daglega
 - bökkum haldið við og vatnsmagni stýrt til að draga úr hættu á að bakkar verði blautir og hálir.
- Stígar yfirfarnir daglega,
 - mól rökuð, stærri steinar fjarlægðir
 - köntum viðhaldið og klipptir
 - reglulega bætt í ofaniburð til að forðast myndun polla
 - þar sem eru moldarstígar er sérstaklega varað við hálfu í bleytu og rigningu.
- Leiðbeinandi girðingar við hraunhóla yfirfarnar daglega.
- Limgerði yfirfarin árlega, klippt og haldið þannig að þau skyggi ekki á útsýni.
- Við daglega yfirferð eru teigamerkingar skoðaðar og þeim viðhaldið.
- Merkingum á gönguleiðum almennings í gegnum völlinn er viðhaldið og þær greinilegar.

Þekking og færni starfsmanna:

- Allir starfsmenn/eigendur eru með gilt skyndihjálparskírteini frá viðurkenndum aðila. Ath. nýir starfsmenn fara á námskeið áður en þeir hefja störf.
- Allir starfsmenn vita hvar sjúkrakassi og (hjartastuðtæki) er staðsett í skálanum. Einn starfsmaður á vakt kann að beita hjartastuðtæki, ef það er til staðar.
- Rifja skal upp notkun á hjartastuðtæki reglulega, ef það er til staðar.
- Brunaæfing er haldin í lok maí ár hvert (HH):
 - Æfa viðbrögð við eldsvoða.
 - Þekkja rýmingarleiðir og hvar allir eiga að safnast saman.
 - Kynna sér staðsetningu slökkvitækja.
 - Hvernig á að leiðbeina viðskiptavinum.
- Viðbragðsáætlanir kynntar fyrir starfsmönnum tvisvar á ári (í lok maí og lok ágúst) og fyrir nýjum starfsmönnum áður en þeir hefja störf.

Athugið - munið að setja ábyrgðaraðila þar sem það á við.**Þjónusta:**

- Nýjum félögum og gestum kynntar umgengnisreglur vallarins og þær eru sýnilegar í golfskála.
- Umhverfisstefna kynnt nýjum félögum og gestum, stefnan sýnileg í golfskála.
- Vímuvarnarstefna vallarins kynnt nýjum félögum og gestum, stefnan sýnileg í golfskála.
- Athygli nýrra félaga og gesta vakin á vallarkorti á baki skorkorts
 - Varað við hraunhólum, bökkum tjarna og hálum stígum.

Þessar verklagsreglur voru gerðar af Helga Helgasyni golfvallarstjóra í september 2015.

Verklagsreglur skal yfirfara árlega og oftast komi upp atvik sem gefa tilefni til þess.